



LÆSISSTEFNA  
HEILSULEIKSKÓLANS  
KÆRABÆJAR



Heilsuleikskolinn Kæríbær

2018

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Snemmtæk íhlutun .....	3
Tvítyngd börn .....	3
Foreldrasamstarf .....	3
Aðferðir .....	3
Jólaötturinn.....	4
Bókaormurinn.....	4
Frjáls aðgangur að ritföngum og pappír .....	4
Lesum bækur .....	4
Markviss málörvun .....	5
Lubbi finnur málbeinið .....	5
K-PALS.....	5
Söngstund og dans .....	5
Að skrifa sig til læsis.....	6
Matsaðferðir.....	6
Heilsubók:.....	6
Hljóm-2:.....	6
TRAS skráningarlistinn .....	7
Aðgerðaráætlun .....	7

## Inngangur

Læsisstefnu leiksskólans Heilsuleiksskólans Kærabæjar verður lýst í þessu skjal.

Dregið verður fram hvað verið er að vinna að í dagsins önn í leikskólanum og hvernig það er gert.

Í Aðalnámskrá leikskóla er talað um læsi sem einn af grunnþáttum menntunar. Í lögum um leikskóla segir:

„Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“.

Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barnanna.

Í leikskóla er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám síðar meir.

Fagmennska leikskólakennarans byggir m.a. á þekkingu á þróun máls og læsis. Góð almenn málörvun í dagsins önn er mikilvægasta framlag leikskólans til að þróa læsi barna. Það þarf að tengja málörvun við allar athafnir og viðburði dagsins og huga að þeim þáttum sem hafa áhrif á þróun læsis.

Leikurinn gegnir mikilvægu hlutverki í málörvun og lestrarnámi barna í leikskólastarfi.

Rannsóknir sýna að leikur styður við þróun læsis, ekki síst ef leikskólaumhverfið er örvandi og góður aðgangur er að fjölbreyttu læsis- og ritmálsörvandi efnivið.

Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna stuðlar leiksskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu. Leiksskólinn er í lykilstöðu til þess að finna og styðja sérstaklega við þau börn sem ljóst er að þurfa á stuðningi að halda.

Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri

## Snemmtæk íhlutun

Mikilvægt er að vera vakandi fyrir frávikum í málþroska barna og bregðast strax við til að styrkja framfarir. Gripið er til snemmtæktrar íhlutunar og leitað eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska.

## Tvítýngd börn

Tvítýngd eða fjöltýngd börn eru þau börn sem búa við eitt eða fleiri tungumál dags daglega. Foreldrar skulu hvattir til að nota sitt móðurmál til að gera máltöku íslenskunnar auðveldari, með því að barn læri sitt móðurmál kemur skilningur og auðveldara er að setja íslenskt orð ofan á þann grunn. Nota skal virka hlustun, lesa stuttar sögur og tala um myndir og texta. Stundum er notað tákni með tali til að styðja við orðin og einnig stýrispjöld með myndum sem sýna barninu við hvað er átt þegar orð eru sögð eða til að sýna dagskrá leikskólans.

## Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er lögð áhersla á gott samstarf við alla foreldra með velferð barnsins að leiðarljósi. Sameiginlegt hlutverk leikskóla og foreldra er að móta jákvætt viðhorf barna til lesturs. Styrkur hvers leikskólasamfélags felst í fjölbreyttum og virkum foreldrahópi. Því er mikilvægt að leita margvíslegra leiða í samstarfi leikskóla og fjölskyldna. Hluti af samstarfinu við foreldra eru verkefni með jólaköttinn og bókaorminn sem hvetja fjölskyldur til njóta samveru við bóklestur.

## Aðferðir

Það er mikilvægt að gefa sér tíma til að ræða og spjalla við börnin, aðstæður til samræðna skapast oftast við daglegar venjur s.s í fataklefa, á skiptiborði og við matarborðið. Einnig er mikilvægt að nýta þær stundir þegar t.d er verið að leika með ýmiskonar leikefni s.s teikna, kubba, púsla, leira og fl.

Áhersla er á að starfsfólk setji orð á alla hluti og athafnir þegar unnið er með börnunum.

Ásamt því að nota öll tækifæri í frjálsum leik og matartíma til málörvunar erum við að vinna með nokkur verkefni sem stuðla að læsi og þau eru:

### Jólaötturinn

Jólaötturinn er bangsi sem fer heim með börnunum í desember og fylgir honum dagbók sem foreldrar eða eldri systkini skrifa í hvað kötturinn og barnið gerðu saman, daginn eftir er svo dagbókarfærslan lesin fyrir öll börnin í samverustund.

### Bókaormurinn

Bókaormurinn fer heim með hverju barni tvær helgar yfir veturinn og fylgir honum dagbók sem foreldrar skrifa í hvað var lesið um helgina ásamt hugmyndum, vangaveltum og frásögnum barnsins um bókina.

### Frjáls aðgangur að ritföngum og pappír

Aðgangur að ritföngum og pappír skal vera frjálss og komið fyrir á stað þar sem börnin geta hjálpað sér sjálf.

### Lesum bækur

Lestrarstundir eru alltaf klukkan 10:00 um leið og við fáum okkur ávexti. Bækur eru alltaf aðgengilegar fyrir börnin að skoða í leikskólanum ásamt því að farið er einu sinni í mánuði í bókasafnið til að velja okkur nýjar bækur að lesa.

Lesið skal bækur fyrir börnin bæði í hóp og einnig einstaklingslega þegar aðstæður skapast. Við notum fjölbreyttar bækur og lesform svo sem framhaldssögur fyrir elstu börnin. Að lesa framhaldssögu styður við og æfir börnin í að muna og rifja upp það sem búið er að gerast í sögunni og halda áfram og bæta við. Framhaldssaga skapar spenning um að vita hvað gerist næst og tilhlökkun eftir næsta lestri.

### Markviss málörvun

Málörvunar stund er einu sinni í viku yfir veturinn og oftast fyrir þau börn sem erum með tilvísun frá talmeinafræðingi. Þar er unnið þar með ýmis verkefni úr bókinni Markviss málörvun. Eftir Sigrúni Löve, Helgu Friðfinnsdóttur og Þorbjörgu Þóroddsdóttur.

Lærum og leikum með hljóðið sem er undirbúnings námsefni fyrir hljóðmyndun og tal eftir Bryndísi Guðmundsdóttur.

### Lubbi finnur málbeinið

Íslensku málahljóðin eru kynnt með stuttri sögu og vísu eftir Þórarinn Eldjárn og myndum eftir Freydísi Kristjánsdóttir. Bókin er hugsuð til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Rannsóknir sýna að hljóðnám eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur góðan grunn að lestrarnámi. Efnið stuðlar að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð.

Lubbastund er einu sinni í viku ásamt því er Lubba efnið eitt af því efni sem notað er í samverustundum og lögin sungin í söngstundum og við hin ýmsu tækifæri.

### K-PALS

K-PALS aðferðin var þróuð í Peabody College við Vanderbilt University í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennurum kost á að örva og þjálfa samtímis hóp af börnum í hljóð- og stafabekkingu, lestri eða stærðfræði með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). Hér í Kærabæ eru PALS tímar tvisvar í viku.

### Söngstund og dans

Að læra söngtexta og þulur teljum við vera mikilvægan þátt í læsiskennslu. Í Kærabæ er söngstund einu sinni í viku með tónlistarskólustjóra ásamt því að við syngjum saman á hverjum degi. Söngur eykur gleði, hann byggir upp samkennd og eykur málskilning og orðaforða. Einnig notum við þau tækifæri sem gefast til að hlusta á tónlist/takt og dónsum.

## Að skrifa sig til læsis

Byggir á kennsluaðferð Arne Trageton, Á skrive seg til lesing - Að skrifa sig til læsis. Að skrifa á lyklaborð er tæki til málörvunar og leggur grunn að aukinni lestrar- og ritgleði. Börnin vinna í þörum á lyklaborð, þau ýta á lykllana og kynnast þannig stöfunum á eigin forsendum. Þau vinna með stafina, tákni og orð sem þau myndskreyta með eigin teikningum. Öll vinna með stafi og orð er í leik og barnið ræður för.

## Matsaðferðir

### Heilsubók:

Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði Heilsuleikskóla og stuðlar að því að heilsuleikskólar nái settum markmiðum. Hún hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráð er m.a. heilsufar, hæð og þyngd, næring og sjálfhjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Skráningin skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor og foreldrum boðið í viðtal í kjölfarið.

### Hljóm-2:

Hljóm 2 skimun er lögð fyrir öll 5 ára börn í leikskólanum. Niðurstöður þessarar skimunar gefur vísbendingar um lestrarnám í grunnskóla. Skimunin er lögð fyrir í september/október, ef fram koma vísbendingar um frávik þá er lagt til að foreldrar og leikskóli vinni með þá þætti og síðan er skimunin lögð fyrir aftur í janúar/febrúar. Reynsla er komin á að fylgni er með niðurstöðum Hljóm2 prófs og lestrarnáms.

Höfundar Hljóm-2 eru Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur, Dr. Jóhanna Einarsdóttir, talmeinafræðingur og lektor og Dr. Amalía Björnsdóttir dósent í aðferðarfræði.

Hljóm-2 er byggt á rannsóknum sem stóðu yfir í 6 ár og sýna að mikið samband er að milli slakrar hljóð- og málvitundar og síðari lestrarfærni.

Skimunin er í leikjaformi orða og hljóða. Leikirnir sem lagðir eru fyrir tengjast; rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20 mínútur með hverju barni.

Niðurstöðurnar eru reiknaðar mjög nákvæmlega út frá aldri barnsins þegar verkefnið er lagt fyrir. Þessi svonefnda snemmtæka íhlutun miðar ekki síst að því að ná fyrir til barna sem hugsanlega muni eiga í lestrarerfiðleikum þegar þau koma í grunnskóla.

## TRAS skráningarlistinn

TRAS (n: Tidlig registrering af sprákuþvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

## Aðgerðaráætlun

Páttur	Aðgerð	Hvar/Hvernig	Hver
<b>Jólaötturinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrar skrifa í dagbókina sem fylgir</li> <li>Dagbókin lesin fyrir öll börnin</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Á heimili barnsins</li> <li>Samverustund</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Foreldrar</b></li> <li><b>Allt starfsfólk</b></li> </ul>
<b>Bókaormurinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrar skrifa í dagbókina sem fylgir</li> <li>Dagbókin lesin fyrir öll börnin</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Á heimili barnsins</li> <li>Samverustund</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Foreldrar</b></li> <li><b>Allt starfsfólk</b></li> </ul>
<b>Frjáls aðgangur að ritföngum og pappír.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aðgangur að ritföngum og pappír frjáls</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Á stað sem börnin geta auðveldlega náð í hann.</li> <li>Alltaf hægt að komast í efniviðinn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Allt starfsfólk</b></li> </ul>
<b>Lesum bækur.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sögustund alla daga</li> <li>Framhaldssaga</li> <li>Bókasafn</li> <li>Fræðslubækur og tímarit</li> <li>Farið út með fræðslubækur vor og haust</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í ávaxtastund</li> <li>Hvíldar-/ slökunartímum</li> <li>Farið í bókasafnið 1 x í mánuði</li> <li>Bækur í bókarekkum, þar sem þau geta alltaf náð sér í bók til að lesa</li> <li>Umhverfi og landslag</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Allt starfsfólk:</b> Nýtum styrkleika allra starfsmanna.</li> </ul>



<b>Markviss málörvun.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fámenn stund þar sem farið er yfir þætti hljóðkerfisvitundar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulagðar málörvunarstundir 2 x í viku.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Leikskólastjóri/ Sérkennari</b></li> </ul>
<b>Lubbi.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fámenn stund þar sem farið er yfir máhljóðin.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulögð Lubbastund 1 x í viku.</li> <li>Nýtum tækifærin sem gefast í frjálsa leiknum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Allt starfsfólk</b> Nýtum styrkleika allra starfsmanna.</li> </ul>
<b>K-PALS.</b>	<p>þjálfa samtímis hóp af börnum í:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>hljóð- og stafabekkingu ásamt lestri með jafningjamiðlaðri nálgun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulagðar stundir 2 x í viku, aðra hverja viku.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>PALS-kennari</b></li> </ul>
<b>Söngstund.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að læra söngtexta og þulur.</li> <li>Dansa og hlusta eftir taktinum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulagðar söngstundir 1 x í vikur.</li> <li>Samverustund alla daga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Tónlistarskólastjóri</b></li> <li><b>Allt starfsfólk</b> Nýtum styrkleika allra starfsmanna.</li> </ul>
<b>Að skrifa sig til læsis</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að læra stafina og skrifa út frá tali, myndum og táknum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tölva með Word forritinu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><b>Allt starfsfólk</b> Nýtum styrkleika allra starfsmanna.</li> </ul>